

# Fundur í foreldraráði Korpukots

þann 27. Janúar 2012.

Á fundinn voru mættar Kristín Björk Viðarsdóttir, Marta Sólveig Björnsdóttir, Selma Maríusdóttir, Margrét Theódórsdóttir og Anna Lilja Gunnlaugsdóttir.

Farið var yfir hlutverkaskipan í foreldraráði og er það eftirfarandi: Marta er formaður, Selma er ritari, Anna Lilja er meðstjórnandi og Margrét er fulltrúi foreldra. Þá var farið yfir starfsreglur foreldraráðs og voru þær samþykktar með þeirri breytingu að starfsárið er frá 1. nóvember til og með 31. október (var 1. okt til 31. sept).

Kristín fór þess á leit að foreldraráð veitti stjórnendum leyfi til þess að biðja þá foreldra sem tók hafa á, að sækja börn sín kl 14 þann 9. mars til þess að gera sem flestum í starfsliðinu kleift að sækja ráðstefnu SSSK. Þetta var samþykkt.

Kristín lagði fyrir ráðið tillögu að tveimur starfsdögum yfir skólaárið. Annan í byrjun haustannar og hinn í byrjun vorannar. Stjórnendur sjá um frekari skipulagningu á þessum dögum en þeir yrðu þá væntanlega í byrjun september og byrjun janúar. Þetta var samþykkt af hálfu foreldraráðs þar sem það telur að þetta nýtist starfsfólki vel til að efla faglegt starf og „væri gott start á starfi annarinnar“.

Sumarlokun var rædd og var það hugmynd leikskólastjóra að loka fyrstu 4 vikurnar í júlí. Umræða var um að festa þann tíma fyrir sumarlokun en ekki var tekin ákvörðun um það. Foreldraráð samþykkti tímabilið fyrir komandi sumar. Boðið verður upp á vistun á Fossakoti þetta tímabil fyrir þau börn sem það kynnu að þurfa.